




BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÁSAHREPPS 2020-2032

Nýtt efnistökusvæði við Sigöldustöð

01.08.2024



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann 22.01.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 27.01.2025



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 11.07.24 með athugasemdafresti til: 02.08.24

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 28.11.24 með athugasemdafresti til: 10.01.25

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109422-01-ASKBR-001-V01

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

BRE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032	5
3.3	Vatnaáætlun 2020-2027	6
3.4	Deiliskipulag Sigöldustöðvar	6
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
5.1	Umhverfispættir og áherslur	6
5.2	Valkostir og umhverfisáhrif	7
5.2.1	Niðurstaða	8
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	8
6.1	Umsagnaraðilar	8
6.2	Skipulagsferli	8

1 INNGANGUR

Ásahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sett er inn nýtt efnistökusvæði við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar (mynd 1). Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis er 1 ha og heimilt er að vinna allt að 49.000 m³ af efni. Staðsetning efnistökusvæðis er sýnd á mynd 1.



MYND 1. Efnistökusvæðið er innan rauða hringsins. Mynd af map.is.

1.1 Skipulagsgögn

- Greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og skipulagsuppdrætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Sunnan við aðrennslisskurð Sigöldustöðvar hefur verið tekið efni í tengslum við framkvæmdir og viðhald við stöðina og veitumannvirki hennar. Umrætt svæði og nágrenni þess er meira og minna raskað vegna framkvæmda og þar eru ýmis mannvirki tengd Sigöldustöð. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Aðkoma að námunni er um vegslóða sem liggur frá Sigöldustöð að stíflu Krókslóns, sem er austan námunnar.

Svæðið er ógróið og þar er að finna vistgerðirnar eyðimelavist og hélumosavist, sem hafa lágt til miðlungs verndargildi. Á svæðinu er ekki að finna náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar.

Fornminjar voru skráðar í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir við Sigoldustöð. Engar fornminjar var að finna á því svæði sem breytingin nær til. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í skipulagi verði sérkennum miðhálendisins og sérstæðri náttúru þess viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins og landslagsheilda. Við skipulagsgerð verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna.

Skipulagsákvarðanir um landnotkun og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu á miðhálendinu grundvallist á sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda og verndun víðerna og líffræðilegar fjölbreytni. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.

Breytt stefna er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu. Efnistaka verður á þegar röskuðu svæði og alveg við virkjana- og veitumannvirki sem nú þegar skerða víðerni. Því verður ekki um frekari skerðingu víðerna að ræða með efnistökunni.

3.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032

Í aðalskipulagi er svæðið óbyggt svæði en er breytt í efnistökusvæði. Stefna fyrir efnistökusvæði í kafla 3.2.4 er eftirfarandi:

- Áhersla er lögð á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Vanda skal umgengni á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá nánum. Nánum sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar. Við frágang á nánum skal aðlaga þær að umhverfinu.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Eftirfarandi er stefna um umhverfi og yfirbragð í kafla 3.1:

- Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins. Sérstaklega verður hugað að þeim þáttum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur að stefnu gildandi skipulags. Efnistaka er á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna efnistöku og er alveg við virkjana- og veitumannvirki sem skerða víðerni. Ekki er að finna náttúrufyrirarbæri sem njóta sérstakrar verndar.

3.3 Vatnaáætlun 2020-2027

Við efnistökusvæðið er að finna eftirtalin vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Tungnaá 3 (vatnshlotanr. 103-973-R), flokkað sem straumvatn.
- Tungnaárhraun (vatnshlotanr. 103-308-G), flokkað sem grunnvatn.
- Kerlingarfjöll-Hreppar (vatnshlotanr. 103-287-G), flokkað sem grunnvatn.
- Krókslón (vatnshlotanr. 103-2447-L), flokkað sem stöðuvatn.

Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vatns og fyrirhuguð efnistaka því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir. Efnistaka verður að lágmarki í 50 m fjarlægð frá aðrennslisskurði Sigöldustöðvar.

3.4 Deiliskipulag Sigöldustöðvar

Deiliskipulag fyrir Sigöldustöð var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í apríl 2024. Náman er að hluta til innan þess svæðis sem deiliskipulagið nær yfir. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi þegar aðalskipulags-breytingin hefur verið staðfest, og afmarka og gera grein fyrir efnistöku.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og uppdrætti fyrir Holtamannafrétt. Á uppdrætti er sett inn nýtt efnistökusvæði E58. Í greinargerð er bætt við skilmálum fyrir efnistökusvæðið E58.

TAFLA 1. Efnistökusvæði á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRD HA
E58	Sigalda	Efnistökusvæði sem einkum verður nýtt til framkvæmda við stækjun Sigöldustöðvar.	49.000	1

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 2.

TAFLA 2. Umhverfisþættir, matssurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<p>Aðalskipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins. Sérstaklega verður hugað að þeim þáttum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	<p>Hefur stefnan áhrif á landslag?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?</p>
Vatnshlot <i>Ár, vötn og grunnvatn.</i>	<p>Vatnaáætlun 2022-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar. 	<p>Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi?</p>
Gróður <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?</p>
Samfélag <i>Jarðefni.</i>	<p>Aðalskipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. 	<p>Hefur stefnan áhrif á framboð á efnistökusvæðum?</p>
Loft <i>Losun og binding.</i>	<p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030.</p> <ul style="list-style-type: none"> Orkuskipti í samgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis. 	<p>Hefur stefnan áhrif á losun eða bindingu gróðurhúsalofttegunda?</p>

5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Nýtt efnistökusvæði er við aðrennslisskurð að Sigölduvirkjun og þar hefur verið tekið efni áður. Svæðinu hefur verið raskað. Því er aðeins gerð grein fyrir líklegum áhrifum af stefnu aðalskipulagsbreytingar en ekki bornir saman valkostir fyrir mismunandi staðsetningu. Áhrif af stefnu gildandi skipulags á umhverfisþætti eru metin óveruleg.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð/óveruleg. Breyting verður á ásýnd svæðisins og rask á landi meðan á efnistöku stendur, neikvæð áhrif eru metin tímabundin. Skilmálar eru í gildandi skipulagi um að vanda umgengni á vinnslutíma og frágang að vinnslu lokinni. Verði gengið frá námu að lokinni efnistöku verða áhrifin óveruleg. Engar þekktar jarðmyndanir eru á svæðinu og efnistaka hefur ekki áhrif á víðerni.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Ólíklegt er að ár eða grunnvatn verði fyrir áhrifum af efnistökunni. Efnistaka er í a.m.k. 50 m fjarlægð frá aðrennslisskurði Sigöldustöðvar.

Áhrif á gróður eru óveruleg. Svæðið er lítt gróið og þar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Með stefnunni eykst framboð á vinnanlegum jarðefnum á svæðinu en þau eru forsenda ýmissa framkvæmda, eins og stækkan Sigoldustöðvar. Örstutt er frá efnistökusvæði að notkunarstað efnis.

Áhrif á loft eru neikvæð/óveruleg. Neikvæð áhrif verða meðan á efnisvinnslu stendur. Notuð verða vélar og tæki sem losa gróðurhúsalofttegundir. Örstutt er frá efnistökusvæði að notkunarstað efnis og dregur það úr losun og áhrif verða minni. Áhrif að lokinni efnistöku eru óveruleg.

5.2.1 Niðurstaða

Breytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags því verið er að bæta framboð efnistökusvæða og svæðið er örstutt frá notkunarstað efnis. Svæðið er jafnframt raskað vegna fyrri framkvæmda og númerandi mannvirki tengd Sigoldustöð skerða víðerni. Sveitarfélagið metur áhrif af efnistöku á þessum stað vera óveruleg/jákvæð.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt fyrri hluta sumars. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Aðalskipulagsbreytingin er kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsvirkjun
- Landsnet
- Rangárþing ytra

6.1 Skipulagsferli



Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032


Nýtt efnistökusvæði í Sigöldu



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR

- Skipulag
- Iðnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Óbyggð svæði
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Vatnsból
- Stofnvegur/stofnbraut
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- L Ljósleiðari
- R Rafveita, loftlína
- Stífla
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Svæði breytingar



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Ásahreppur
Nýtt efnistökusvæði í Sigöldu

Verk: 109422
Unnið: IS

Blaðstærð: A4
Rýnt: BRE

Mælikvarði: 1:100.000 Dags: 31.07.2024
Breytt dags: